



Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í september 2013. Nær til starfsemi í ágúst 2013



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	17.754.127.689	17.948.216.800	-194.089.111	99
Gjöld án fjármagnsliða	15.108.781.786	14.892.769.057	216.012.729	101
	Bókað	Áætlun		
Grunnskólar	3.285.085.313	3.271.712.303	13.373.010	100
Leikskólar	1.957.485.719	1.922.408.370	35.077.349	102
Félagsþjónustan	1.122.471.905	1.086.719.314	35.752.591	103
Menningarmál	254.748.151	254.923.431	-175.280	100
Æskulýðs- og íþróttamál	1.364.033.102	1.349.072.136	14.960.966	101
Sameiginlegur kostnaður	564.922.590	551.705.904	13.216.686	102

Fréttir


Kópavogsbær greiddi í lok ágúst síðustu greiðsluna af 35 milljóna evru láni frá Dexia-banka. Lánið var tekið í maí 2008 til fimm ára. Þar með eru erlendar skuldir bæjarins óverulegar og gengissveiflur nánast úr sögunni. Lánið hjá Dexia var eingreiðslulán en vegna gjaldeyrishafta og gjaldeyrisskorts var samið um dreifingu á greiðslum á því frá mars til september 2013.




Styrkur til niðurgreiðslu á gjöldum vegna íþrótt- og tómskundaiðkunar barna og unglinga hækkaði nú í haust hjá Kópavogsbæ. Þær breytingar voru einnig gerðar að styrkurinn nær nú til átján ára ungmenna en áður var aldurshámarkið sautján ár. Styrkur fyrir eina íþrótt- eða tómskundagrein hækkaði úr 12 þúsund krónum í 13.500 krónur en hægt er að fá styrki vegna tveggja greina.

Um sextíu nemendur, fimmtíu flytjendur, tuttugu kennarar og aðrir gestir tóku þátt í Kammer-tónlistarhátíð unga fólksins sem fram fór í Kópavogi og víðar um miðjan ágúst. Hátíðin er styrkt með myndarlegum hætti af lista- og menningarsjóði Kópavogs. Hún var haldin í sjötta sinn.

Glæsileg sýning á verkum Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur Hraunfjörð var opnuð í Gerðarsafni í lok ágúst. Sýningarstjórar eru Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, og Guðrún Atladóttir, hönnuður og menningarmiðlari. Til sýnis eru fjórutíu og fimm verk í opinberri eigu og einkaeigu eftir þennan framúrskarandi listmálara.


Rekstur helstu málaflokka






Velferðarmál


Fjárhagsaðstoð




Húsaleigubætur









Fjöldi barnaverndartilkynninga















Félagslegar leiguíbúðir










Ýmsar mælingar





Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML04 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. apríl. Tölur eru með launatengdum gjöldum.